

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun fyrirkomulags neyðarstjórnar

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að fyrirkomulag neyðarstjórnar verði endurskoðað þannig að kjörnir fulltrúar fái að sitja fundi neyðarstjórnar sem áheyrnarfulltrúar og fái aðgang að upplýsingum og gögnum neyðarstjórnar. Við vissar aðstæður er kostur að mynda neyðarstjórn sem hefur þá heimildir til að taka ákvörðun með hraði. Slíkt fyrirkomulag er þekkt einkum þegar vá er fyrir höndum. Fulltrúi Flokks fólksins telur að við slíkar aðstæður þurfi þó að tryggja lýðræðislega kjörnum fulltrúum yfirsýn yfir störf neyðarstjórnar svo að þeir geti sinnt eftirlitsskyldum sínum. Ef borgarfulltrúar fá að sitja fundi neyðarstjórnar sem áheyrnarfulltrúar og fá jafnframt aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem neyðarstjórn byggir ákvarðanatöku sína á þá geta þeir gengið úr skugga um það hvort neyðarstjórn starfi eftir lögum og reglum. Núverandi neyðarstjórn hefur haldið yfir 60 fundi án þess að fundargerðir hafi borist minnihlutanum. Leynd hvílir yfir neyðarstjórninni, leynd gagnvart borgarráði, kjörnum fulltrúum og almenningi. Á neyðartímum er fátt verra en leynd og að halda upplýsingum frá þeim sem kosnir eru til ábyrgðar. Tímabært er að endurskoða þessa skipan og skoða trygga aðkomu kjörinna fulltrúa að neyðarstjórninni.

Greinargerð:

Núverandi fyrirkomulag hefur annmarka. Neyðarstjórn var sett á laggirnar með samþykkt borgarráðs 16. ágúst 2018 á grundvelli erindisbréfs þar sem hlutverk hennar var skilgreint. Í skilgreiningu segir m.a.:

„Neyðarstjórn hefur heimild til að taka ákvarðanir og stofna til útgjalda umfram það sem segir í fjárhagsáætlun í neyðartilfellum enda sé um slík tilfelli að ræða að afgreiðsla þeirra þoli enga bið. Borgarráð veitir aðrar nauðsynlegar heimildir vegna sérstakra fjárútláta og er á neyðarstigi í viðbragðsstöðu þar sem nauðsynlegt getur verið að kalla til aukafundar. Starfsmaður hópsins ber ábyrgð á fundarboðun, undirbúningi funda, fundarritun og úrvinnslu í samráði við borgarstjóra.“

Eins og staðan er núna er upplýsingaflæði frá neyðarstjórn svo lítið að erfitt er fyrir minnihlutafulltrúa að meta aðgerðir neyðarstjórnarinnar og hvort nauðsynlegt sé að taka ákvarðanir án þess að leggja þær í lýðræðislegan farveg. Ef kjörnir fulltrúar fá aðgang að fundum og gögnum neyðarstjórnar þá geta þeir gengið úr skugga um það hvort aðgerðir og ákvarðanir neyðarstjórnar séu nauðsynlegar eða hvort þær gangi of langt.

Slíkt fyrirkomulag myndi ekki draga úr skilvirkni neyðarstjórnar, enda myndi áheyrn ekki trufla fundi. Þá þarf ekki að óttast það að trúnaðargögn fari í dreifingu, enda hafa kjörnir fulltrúar þegar aðgang að ýmsum trúnaðargögnum og bera sömu ábyrgð og aðrir við meðferð á trúnaðargögnum.